



FRÉTTABLAÐIÐ

155. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

ÞRIÐJUDAGUR 2. AGÚST 2022



„Ég er fegin að kötturinn var ekki heima,“ segir Elín Ingólfsdóttir í Grindavík en við henni blasti ófögur sjón eftir ferðalag um verslunarmannahelgina. „Það var allt út um allt,“ segir Elín. SJÁ SÍÐU 4
FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Fagradalsfjall er líklegasti gosstaðurinn

Þorvaldur Þórðarson eldfjallafræðingur segir ekki líkur á eldgosi á Reykjanes-skaga sem ógni mannslífum en mögulegt sé að skemmdir verði á innviðum. Það þurfi að hefja undirbúning svo skaðinn verði sem minnstur.

gar@frettabladid.is
erlamaria@frettabladid.is

NÁTTÚRUVÁ „Það er langlíklegast að það gjósi við Fagradalsfjall þótt það sé ekki útilokað að gjósi við Svartsengi eða þar,“ segir Þorvaldur Þórðarson eldfjallafræðingur sem kveður skjálftahrinuna sem nú stendur yfir á Reykjanes-skaga hluta

af þeirri mynd að hafið sé nýtt gos-tímabil á svæðinu.

Hörð jarðskjálftahrina var um helgina á Reykjanes-skaga. Harðasti skjálftinn var upp á 5,4 stig í fyrradag. Átti hann upptök sín nærri Grindavík og fór þá ýmislegt úr skorðum í bænum svo íbúum þótti nóg um. Fannar Jónasson bæjarstjóri segir tilhugsunina um gos ekki þægilega.

„Það eru auðvitað vonbrigði að það skuli vera að taka sig upp jarðskjálftahrina, eins öflug og raun ber vitni, og við vitum að ef kvikan er að leita sér að leiðum upp getur það hugsanlega leitt til þess að það muni gjósa,“ segir Fannar sem hvetur Grindvíkinga til að halda ró



Það verður að taka það fram að ekkert af þessum gosum er lífshættulegt. Þau eru ekki að fara að sprengja allt upp í loft.

Þorvaldur Þórðarson,
eldfjallafræðingur

sinni en fylgjast vel með ef staðan skyldi breytast.

„Það er sólarhringsvakt á svæðinu í kringum okkur. Við treystum bara á vísindamenn að vakta þetta vel og rækilega, og gripa svo til aðgerða á grundvelli viðbragðsáætlana eftir því sem þörf er talin á,“ segir Fannar.

Þorvaldur segir líklegt að ef að komi til eldgoss á næstunni verði meiri aðdragandi að því en nú er orðinn. Þó geti gosið strax í dag. Auk Fagradalsfjalls og Svartsengis-svæðisins gæti gosið við Krýsuvík, Mòhalsadal eða Vigdísarvelli.

„En það verður að taka það fram að ekkert af þessum gosum er lífshættulegt. Þau eru ekki að fara

að sprengja allt upp í loft,“ undirstríkar Þorvaldur. „Þetta verða hraungos og fólk hefur tíma til að koma sér undan. En ef hraungos eru nálægt innviðum þá er hætt á að þeir verði fyrir skemmdum eða jafnvel eyðileggist. Við erum komin inn í gosið og verðum að gera allt sem við getum til að draga úr áhrifum þeirra eldgosa sem verða í náinni framtíð.“

„Mér persónulega líður mjög illa með þetta. Mér finnst þessi óvissa svakalega vond,“ segir María Benónýsdóttir, íbúi í Grindavík.

SJÁ SÍÐU 4

Nánar á frettabladid.is

Škoda Kodiaq

Vinsæli ferðafélaginn!

Fjór hjóladrífinn, mjög vel útbúinn með 2.5 tonna dráttargetu

Verð frá 7.590.000 kr. ➔ Eigum nokkra lausa bíla á lager!

Hekla Laugavegi 174, 105 Rvk. ➔ www.hekla.is/skodasalur

Staðfesta ekki sögu Brynjars

thorgrimur@frettabladid.is

NAMIBÍA Namibísk stjórnvöld vilja ekki staðfesta að fundur namibískra embættismanna með Brynjari Nielssyni, aðstoðarmanni dómsmálaráðherra, 7. júní hafi verið í einkaerindum. Þetta segir talskona hjá namibíska utanríkisamskipta- og samvinnuráðuneytinu.

Brynjar fundaði í dómsmálaráðuneytinu með aðstoðarforsætisráðherra Namibíu, ríkissaksóknara Namibíu og aðstoðarframkvæmdastjóra namibísku spillingarnefndarinnar.



Brynjar Nielsson, aðstoðarmaður dómsmálaráðherra

Brynjar hefur neitað að upplýsa um tilefni fundarins og hefur vísað til þess að hann hafi verið í einkaerindum en ekki opinberum erindagjörðum. Hann hefur stungið upp á því að namibísku embættismennirnir hefðu verið á Íslandi í sumarfrí og hafi viljað „heilsa upp á.“

„Ef þetta er það sem Íslendingar segja, þá er þetta það sem þeir segja,“ sagði tengiliður í namibíska ráðuneytinu, en neitaði að öðru leyti að tjá sig um hvort ráðuneytið teldi fundinn hafa verið í opinberum erindagjörðum eða ekki. ■

Útileikir á Árbæjarsafni



Glatt var á hjalla á Árbæjarsafni þegar efnt var til útileikjamóts yfir verslunarmannahelgina. Útileikir á Árbæjarsafni eru árleg hefð og í ár var meðal annars keppt í pokahlaupi, stigvélakasti, stultuhlaupi og reiptogi. Jafnframt stóð krökkunum til boða sýning með leikföngum frá ýmsum tímum og að gæða sé á sælgæti og ís.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

Rannsaka akstur konu á hóp reiðfólks

bth@frettabladid.is

VESTURLAND Lögreglan á Vesturlandi er með til rannsóknar atvik um þar síðustu helgi þegar kona ók bíl sínum inn í hóp fólks sem fór riðandi um Ferjubakkaveg í Borgarfirði. Hross fældust, að minnsta kosti einn hestanna varð fyrir bílnum og stúlka slasaðist á fæti.

Lögregla var kölluð á vettvang eftir atvikinu. Rannsókn lögreglu felst meðal annars í að kanna hvort ásetningur hafi ráðið ferð konunnar sem ók inn í þvöguna eða hvort um slys hafi verið að ræða. Samkvæmt upplýsingum blaðsins eru tengsl milli konunnar og eins í hópnum. Bilstjórinn er sjálf hestakona.

Alls voru reiðmenn á annan tug talsins á veginum þegar atvikinu átti sér stað. Hrossin voru hátt í 40. Konan er sögð hafa „legið á flautunni“ áður en hún ók á eitt hrossið í



Kona er sögð þekkja fólk í hópnum. Myndin tengist fréttinni ekki beint.

hópnum og fældist stóðið með þeim afleiðingum að einn hestanna steig á fót 15 ára gamallar stúlku sem meiddist lítillega.

„Lögreglunni barst tilkynning um þetta atvik og fór á vettvang. Atvikinu er til skoðunar hjá okkur,“ segir Ásmundur Kristinn Ásmundsson, settur yfirlögregluþjónn hjá Lögreglunni á Vesturlandi. ■

Hitinn fór aldrei yfir átján gráður í Reykjavík í júlí

Ólíku var saman að jafna, veðurfarinu á Íslandi og á meginlandi Evrópu í júlí. Meðalhitinn hér á landi var þá í kringum tíu gráður, en fór hæst í 47 gráður í Portúgal. Hvoru tveggja olli þrálát hæð vestur af Bretlandseyjum.

ser@frettabladid.is

VEÐURFAR Veðurfarið í nýliðnum júlímánuði var rýsjótt og umhleypingasamt um allt land, svo ekki sé meira sagt. Lofthiti var lægri en oft og tíðum í þessum miðsumarmánuði á Íslandi – og til marks um það komst hann aldrei upp fyrir tuttugu gráðurnar í Reykjavík, þótt sólríkt hafi þar verið í marga daga.

„Meðalhitinn á landinu í júlí var í kringum tíu gráður, sem er í lægri kantinum – og má heita að það hafi verið tilfinnanlegur skortur á hlýjum dögum,“ segir Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur.

Samkvæmt bráðabirgðatölum fór hitinn hæst í 20,3 gráður á Vopnafirði og Seyðisfirði 28. júlí. Á Norðurlandi virðist hann hafa farið hæst í 18,0 gráður í Vatnsdal 25. júlí og deginum áður fór hann hæst í 19,6 gráður á Vesturlandi, en það var í Húsafelli.

Í Reykjavík hefur hitinn farið mest í 17,6 gráður í sumar, en það var raunar 9. júní. Meðalhámarks-hiti í borginni var 13,4 gráður í júlí.

Því má segja að hitametið á Íslandi hafi aldrei verið í hættu, en frá því mælingar hófust hér á landi hefur hitinn á landinu aldrei mælst hærrí en 30,5 gráður á Teigarhorni í Berufirði 22. júní 1939.

„Sökudólgurinn sem olli þessari tíð er þrálát hæð sem tók sér ból-festu vestur af Bretlandseyjum og stýrði hverri lægðinni af annarri yfir landið, úr suðvestri til norðausturs, en þær viðhéldu norðanvindum



Rýsjótt tíðarfar hefur einkennt veðurlagið á Íslandi í nýliðnum júlímánuði.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

”
Má heita að það hafi verið tilfinnanlegur skortur á hlýjum dögum.



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

yfir landinu,“ segir Sigurður og má heita að nafni hans – stormurinn – hafi farið svolítið í taugarnar á landsmönnum í nýliðnum mánuði, enda var hann oft og tíðum nístingskaldur. Hálendið bar merki þessarar veðráttu, en nokkrum sinnum snjóaði í fjöll, einkum fyrir norðan og austan, ekki síst í Dyngjufjöllum í aðdraganda verslunarmannahelgarinnar þegar tíu sentimetra jafnfallinn snjór lá yfir Drekgili.

Veðrinu í júlí á Íslandi í ár verður seint jafnað við hitabylgjuna á meginlandi Evrópu sem ætlaði að sliga íbúa þar um slóðir, en þá féll hvert hitametið af öðru, stundum dag eftir dag, svo sem á Bretlandseyjum, en þar mældist hitinn endurtekið yfir fjörutíu gráðum upp úr miðjum mánuðinum.

Ástandið var enn verra sunnar í Evrópu, en hitinn fór yfir 45 gráður á Spáni á þessum tíma og fór hæst í 47 stig í Portúgal með þeim afleiðingum að skógareldar geisðuðu á stórum svæðum, svo til eftir endilangri álfunni, en til að mynda brunnu stór svæði í Úkraínu ofan í skálmöldina þar um slóðir.

Sigurður á von á því að veðrið á Íslandi verði skaplegra í ágúst en í nýliðnum mánuði.

„Það þarf kannski ekki mikið til,“ segir hann og bætir því við að horfur séu bærilegar hvað hita varði. „Vandinn er sá að eftir svona langvarandi lágan sumarihita þarf svo mikið að gerast til að snúa dæminu við til langframa,“ segir Sigurður Þ. Ragnarsson. ■

MANIC PANIC
Hárskolin fást hjá okkur

HOKUS POKUS

www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955



TOYOTA YARIS CROSS HYBRID

STÓRCROSSLEGUR

KOMDU OG REYNSLUAKTU



TOYOTA – MEST SELDA
BÍFREIÐATEGUNDIN
Á ÍSLANDI
32
Á ÍRÖÐ

Yaris Cross verð frá: 4.750.000 kr.

Yaris Cross Hybrid verð frá: 5.080.000 kr.

KINTO ONE langtímaleiga

Yaris Cross verð frá: 110.000 kr. á mán.

Nýr Hybrid = 100% afsláttur
af lántökugjöldum.
Sjá nánar á toyota.is



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Vilja ekki borga í Hvalfjarðargöngin til að kosta önnur göng

gar@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Áform Sigurðar Inga Jóhannssonar innviðaráðherra um að greiða fyrir gerð nýrra vegganga með gjaldheimtu í þeim göngum sem fyrir eru mæta mikilli gagnrýni í byggðarlögum sem þegar njóta slíkra mannvirkja.

„Byggðarráð leggst eindregið gegn þeim kostnaðarauka fyrir íbúa og atvinnulíf í Borgarbyggð sem fælist í endurnýjun gjaldtöku

um Hvalfjarðargöng og mismunun sem hún hefði í för með sér,“ segir til dæmis í fundargerð byggðarráðs Borgarbyggðar.

Hugmynd ráðherrans gerir ráð fyrir lagafrumvarpi um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu og rekstur samgönguinnviða. Kveðst byggðarráð Borgarbyggðar fagna áherslu á þjóðhagslegt mikilvægi góðra samgangna.

„Hins vegar hefur byggðarráð

”

Hefur byggðarráð þungar áhyggjur af framkomnum hugmyndum um upptöku veggjalda í jarðgöngum.

Byggðarráð Borgarfjarðar

þungar áhyggjur af framkomnum hugmyndum um upptöku veggjalda í jarðgöngum landsins. Þau eru annað hvort einu samgönguæðarnar milli þéttbýliskjarna eða hafa nú þegar verið greidd upp að fullu með gjöldum af vegfarendum. Sérstaklega eru Hvalfjarðargöng mikilvæg samgönguæð fyrir íbúa og gesti Borgarbyggðar. Framkvæmd þeirra hefur nú þegar verið greidd upp,“ undirskarir ráðið. ■



Sigurður Ingi Jóhannsson við Hvalfjarðargöng er gjaldtöku var hætt árið 2018. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Kökuskreytingakeppni. MYND/ADSEND

Algjört ævintýri

gar@frettabladid.is

ÍPRÓTTIR „Unglingalandsmót UMFÍ á Selfossi var algjört ævintýri,“ segir Ómar Bragi Stefánsson, framkvæmdastjóri móta UMFÍ, um mótið sem var á Selfossi um helgina.

„Þátttakendur skemmtu sér konunglega á daginn í íþróttakeppni og hittu vini og vinkonur á geggjúðum tónleikum öll kvöldin. Það var frábært að sjá fjölskyldur njóta þess að vera saman á þennan heilbrigða hátt alla helgina,“ segir Ómar.

Um 250 kepptu í kökuskreytingum og um tvo hundruð í strandblaki og pilukasti. „Þetta kom okkur á óvart. Teljum fólk orðið sækja frekar í óvenjulegar greinar en fótbolta og körfubolta.“ ■

Eyjamenn ánægðir

gar@frettabladid.is

VESTMANNAEYJAR „Við erum mjög sátt við þessa Þjóðhátíð á alla lund,“ segir Þór Vilhjálmsson, formaður ÍBV íþróttafélags, sen stendur að Þjóðhátíðinni í Eyjum.

„Veðið lék við okkur og við fengum frábæra gesti. Toppurinn var Brekkusöngurinn þar sem fólkið tók vel undir,“ segir Þór sem jatar að frábær aðsókn hjálpi upp á fjárhag ÍBV. Félagið sé sært eftir tvær aflýstar hátíðir. „Þetta er að minnsta kosti plástur á sárin.“ ■

Grindvíkingum finnst óvissan vond

Íbúar í Grindavík bíða nú þess sem verða vill eftir að ný hrina jarðskjálfta á Reykjannesskaga hristir bæinn þeirra svo munir falla um koll. Bæjarstjórinn segir Grindvíkinga reiða sig á upplýsingar vísindamanna.

gar@frettabladid.is
erlamaria@frettabladid.is

NÁTTÚRUVÁ „Mér persónulega líður mjög illa með þetta. Mér finnst þessi óvissa svakalega vond,“ segir María Benónýsdóttir, starfsmaður í sjoppunni Aðalbraut í Grindavík, um nýju jarðskjálftahrinuna á Reykjannesskaga sem hvað mest bitnar á bænum hennar.

„Það fór allt á hvolf, lagerinn, ölkælirinn og allt úr hillunum,“ segir María sem reyndar var ekki í Grindavík einmitt þegar stóri skjálftinn upp á 5,4 stig reið yfir síðdegis á sunnudag. En hún sá vegsummerkin og heyrði lýsingar þeirra sem upplifðu skjálftann.

„Þetta var náttúrlega svakalegur jarðskjálfti,“ segir María sem er fædd og uppalin í Grindavík og kveðst aðspurð alls ekki ætla að flytja í burt þótt henni líði ekki vel í bænum.

„En ég er líka í þeirri aðstöðu að ég get farið. Ég á lítinn sumarbústað upp í Kjós og ég get farið og sofið og hvílt mig. Fyrir eldgosíð þá keyrði ég bara upp í Kjós og til Grindavíkur þaðan í vinnuna,“ rifjar María upp.

Við Elínu Ingólfsdóttur blasti vægast sagt ófögur sjón er hún opnaði útidyrhurðina heima hjá sér eftir vel heppnað ferðalag um verslunarmannahelgina.

„Það voru allar skúffur opnar og rosalega mikið brotið. Myndir, kerta-stjakar, speglar, stytur, glös, lampar ... það var allt út um allt,“ segir Elín. Hún hafi þó verið búin að búa sig undir það að þetta væri staðan.



Elin Ingólfsdóttir og Hörður Birgir Hafsteinsson höfðu í ýmis horn að líta við heimkomu úr ferðalagi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Elín segist slegin yfir því að sjá að gamla gossvæðið hjá Geldingadal sé opið fyrir gesti og gangandi, en þau hjónin hafi keyrt þar fram hjá á leið sinni inn í bæinn.

„Það kom okkur hjónunum rosalega á óvart að svæðið sé opið. Það var þó nokkur fjöldi þegar við keyrðum fram hjá. Ef það færi að gjósa, þá veit maður ekkert hvaðan það kemur. Það voru engar björgunar-sveitir eða viðbragðsaðilar sýnilegir á svæðinu. Og mögulega veit þetta fólk ekki neitt um hvað er að gerast,“ segir Elín

Fannar Jónasson, bæjarstjóri í Grindavík, segir íbúana þar nú bíða átekta og fylgjast með þróuninni.

„Heilt á lítið var nú ekki mikið tjón á verðmætum hlutum eða fasteignum, þetta voru aðallega smærri

”

Ég á lítinn sumarbústað upp í Kjós og ég get farið og sofið og hvílt mig.



María Benónýsdóttir í Grindavík

húsmunir, stytur, myndir og eitt-hvað slíkt sem féll um koll og brotnaði. Aðeins hefur borið á einstaka sprungum á húsum,“ segir Fannar.

Í kjölfar skjálftans sprakk vatnsæð í lögna frá Svartsengi sem varð þess valdandi að kalt vatn fór af öllu bæjarfélaginu. „Þetta er eitt af því sem er mjög óþægilegt þegar vatn fer af byggðinni,“ segir Fannar en vatnið komst á aftur undir morgun í gær eftir viðgerð.

Fannar segir að enn sem komið er standi ekki til að loka gamla gossvæðinu. „Það er sólarhringsvakt á svæðinu í kringum okkur. Við treystum bara á vísindamenn að vakta þetta vel og rækilega, og grípa svo til aðgerða á grundvelli viðbragðsaætlauna eftir því sem þörf er talin á,“ segir bæjarstjórinn. ■

KEMUR ÞÚ AF FJÖLLUM?

Íslensku fjöllin hafa mætt jafningja sínum. Gerðu ferðalagið algjörlega rafmagnað með Jeep® Wrangler Rubicon Plug-In Hybrid.

5 ÁRA ÁBYRGÐ

8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFHÖÐUNNI

PLUG-IN HYBRID

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!

ISBAND

ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300
ÓPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LOKAÐ LAUGARDAGA

Jeep

4xe

PLUG-IN HYBRID

JEEP.IS • ISBAND.IS

Laugarnar í Reykjavík



Fritt í sund

fyrir alla krakka!

Frá og með 1. ágúst verður frítt
í sundlaugar Reykjavíkurborgar
fyrir börn þar til þau ljúka grunnskóla
– það er 1. ágúst árið sem þau verða 16 ára



www.itr.is



Fjallgöngukona við K2 árið 2017.

Nánast öngþveiti í Flöskuhálsi K2

gar@frettabladid.is

FJALLGÖNGUR Vinsældir fjallsins K2 fara ört vaxandi meðal fjallgöngumanna. Áður beindu þeir flestir sjónum sínum að Everest að sögn spænska blaðsins El País en nú hefur orðið breyting á.

Er rakið í El País að fram til febrúar í fyrra hefði Everest verið klifið 10.658 sinnum en K2 aðeins 377 sinnum. Í sumar hafi fjallagarpar nánast staðið í röð við hinn alræmda Flöskuháls í K2 til að komast upp þetta næsthæsta fjall jarðar með sína 8.611 metra en síður en svo minni áskorun en Everest sem er 8.848 metrar. Þann 22. júlí síðastliðinn náðu 145 manns á topp K2 á einum og sama deginum.

Miklar hættur af is- og snjóskriðum stéðja að fólki í Flöskuhálsinum og það er því afleitur staður fyrir mannsöfnuð. ■



Brákarey í Borgarnesi.

Nýtt skipulag færi lif út í Brákarey

gar@frettabladid.is

BORGARBYGGÐ Byggðarráð Borgarbyggðar hefur þegið boð Fasteignaþróunarfélagsins Festis og JVST arkitekta um að þessir aðilar leiði vinnu við heildarskipulag í Brákarey í Borgarnesi. Verður það gert í samstarfi við bæjaryfirvöld.

„Lögð verði áhersla á samráð við íbúa og hagsmunaaðila í skipulags- og hugmyndavinnu. Byggðarráð hefur væntingar til þess að nýtt rammaskipulag muni taka mið af því að í Brákarey verði blönduð byggð og starfsemi sem muni laða að sér mannlíf og auka lífsgæði íbúa,“ segir byggðarráðið í samþykkt sinni um málið. ■

Félagsheimilið á Staðarfelli til sölu

gar@frettabladid.is

DALABYGGÐ Bjóða á félagsheimilið á Staðarfelli til sölu. Hvorki Dalabyggð né kvenfélagið Hvöt og ungmennafélagið Dögun, sem eiga samtals 35 prósent í húsinu á móti sveitarfélaginu, geta eða vilja leggja fé í nauðsynlegt viðhald.

Forystumenn Dalabyggðar funduðu með fulltrúum félaganna um miðjan júlí. „Ljóst er að félagsheimilið þarf á umtalsverðu viðhaldi að halda og ekki eru forsendur fyrir rekstri þess,“ er bókað um málið í fundargerð byggðarráðs Dalabyggðar. „Fram kom að félögin gætu ekki tekið húsið yfir. Var það samhljóða niðurstaða fundarins að skásti valkosturinn væri að selja húsið.“ ■

Ráðuneyti flytja til bráðabirgða í Síðumúlann

olafur@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Nú styttist óðum í að heilbrigðisráðuneytið og félags- og vinnumarkaðsráðuneytið flytji í ný húsakynni við Síðumúla í Reykjavík.

Stórhýsið við Síðumúla 24 hýsti áður Tryggingamiðstöðina, en á árunum fyrir hrúnið voru þar höfuðstöðvar FL-Group, fjárfestingafélags sem meðal annars var móðurfélag Icelandair.

Ráðuneytin tvö hafa á undanförnum árum lent í heilmiklum húsnæðishrakningum, meðal annars vegna þess að rakaskemmdir og mygla virðast hafa elt þau á röndum.

Vonandi rætist úr þegar þau komast í ný heimkynni í Síðumúlanum, sem á árum áður var stundum nefndur Blað-Síðumúli í gamni vegna þess hve mörg dagblöð höfðu þar ritstjórnarskrifstofur sínar, meðal annars Vísir og Dagblaðið sem síðar sameinuðust undir merki DV. Í síðumúlanum voru líka Tíminn (síðar NT) og Þjóðviljinn og raunar flest, ef ekki öll dagblöð landsins, önnur en Morgunblaðið, sem var í Aðalstræti þar til blaðið flutti í Kringluna og loks upp að Rauðavatni.

Húsnæðið í Síðumúla er hugsað sem lausn til bráðabirgða þar til búið verður að gera upp húsnæði



Búið er að merkja fyrrum höfuðstöðvar TM og FL-Group Stjórnarráði Íslands þótt enn virðist nokkuð í að framkvæmdum ljúki innandyrna.

fyrir ráðuneytin við Skúlagötu 4, í Sjávarútvegshúsinu sem nú er verið að gera gagnert upp.

Upphaflega áttu ráðuneytin að flytja í Síðumúlann í maí síðastliðnum. Húsnæðið var sagt henta starfsemi þeirra vel og ekki þyrfti að gera miklar breytingar. Þetta hefur dregist nú í um þrjá mánuði og enn standa yfir framkvæmdir í húsinu. Slíkar tafir eru ekki með öllu óþekktar þegar kemur að framkvæmdum á vegum ríkisins.

Nú er í öllu falli búið að merkja húsið vel og vandlega Stjórnarráðinu og ráðuneytunum þótt enn sé pappír fyrir gluggum. ■

Hjónin úr skólabúðum í Hrútafirði í ferðapjónustu á Laugum í Sælingsdal

Hjónin Halldóra Árnadóttir og Karl B. Örvarsson voru í gær að leggja lokahönd á brotthvarf sitt frá Reykjum í Hrútafirði þar sem þau hafa rekið skólabúðir um langt árabil.

gar@frettabladid.is

DALABYGGÐ „Við hyggjumst fyrst og fremst reka ferðapjónustu á Laugum,“ segir Karl B. Örvarsson, sem ásamt konu sinni Halldóru Árnadóttur er að hverfa úr Hrútafirði eftir að hafa rekið þar vinsælar skólabúðir í tvo áratugi.

Karl og Halldóra hafa nú ásamt fleirum gert samning við Dalabyggð um kaupleigu á byggingum gamla skólans á Laugum í Sælingsdal. Neyti þau forkaupsréttar að tveimur árum loknum eignast þau allar byggingarnar og land þar í kring fyrir samtals 270 milljónir króna.

Karl segir að þau Halldóra eigi í viðræðum við Húnaþing vestra um uppgjör vegna Reykja.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í janúar á þessu ári sögðu hjónin það hafa komið þeim í opna skjöldu að ekki ætti að framlengja samstarfið við þau heldur fara í viðræður við UMFÍ um rekstur skólabúða á Reykjum frá og með í haust.

„Þetta kemur sér eins illa fyrir okkur og frekast getur verið,“ sagði Karl þá.

Samkvæmt svari frá UMFÍ er búist við að gerð samkomulags um Reyki ljúki á næstu dögum

Aðspurður hvort ætlunin sé að reka skólabúðir á Laugum líkt og gert hafi verið á Reykjum bendir hann á að þar sé þegar rekið hótél að sumarlagi. Áformin snúi að því að byggja upp frekari ferðapjónustu. Þó sé ekki útilokað að skólabúðir verði á Laugum á veturna.



Stór sundlaug og pottar eru á Laugum í Sælingsdal enda nægur jarðhiti þar á svæðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

„Við eigum eftir að skoða þetta allt betur,“ segir Karl. Þau muni fá aðgang að staðnum í október og eignirnar síðan afhentar um áramótin.

Mannvirkin sem tekin verða á kaupleigu eru hótél, skólahús, þrjú einbýlishús, íþróttahús, sundlaug og tjaldstæði með þjónustuhúsi. „Staðurinn er mjög spennandi og hér eru alls kyns möguleikar,“ segir Karl.

Auk mannvirkjanna fylgir með

13,1 hektari lands og allt lausafé í húsunum að undanskildum listaverkum úr eigu Dalabyggðar. Skúlpúr eftir Ásmund Sveinsson er sérstaklega nefndur í kaupsamningnum og kveðið á um að hann sé í eigu sveitarfélagsins en verði ekki fjarlægður strax.

Að sögn Karls fer hann fyrir ónefndu félagi þeirra Halldóru og fleiri aðila. „Þetta er of stór biti fyrir bara okkur tvö,“ útskýrir hann. ■



Hjónin Karl B. Örvarsson og Halldóra Árnadóttir.

MYND/ÁÐSEND

Fyrsti kornfarmurinn lagður af stað frá Úkraínu

thorgrimur@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Fyrsta kornflutningaskipið sigldi úr höfn frá Odesa í gærmorgun eftir að Rússar og Úkraínumenn gerðu með sér samkomulag um öruggar siglingar með hveiti og kornmeti um Svartahaf. Búist er við því að flutningaskipið M/V Razoni komi til Bosporussunds í Tyrklandi í dag.

Vonir standa til þess að samkomulagið muni létta á verðbólgu og matvælaskorti í löndum sem reiða sig á innflutt korn. Innrás Rússa hefur stuðlað að alþjóðlegri matvæla- og kreppu vegna truflana á kornútflutningi bæði frá Úkraínu og Rúss-



Kaupskipið Razoni á leið frá Odesa með farm af korni innanborðs.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

landi og hefur valdið áhyggjum af mögulegum hungursneyðum í löndum sem talin eru í áhættuhópum.

Samningurinn var gerður þann 22. júlí síðastliðinn en efasemdir komu fljótt fram um framkvæmd hans þegar Rússar gerðu árás á Odesa nánast um leið og hann hafði verið undirritaður. Verði samningnum framfylgt þykir það framfaraspor í því að sporna við afleiðingum stríðsins í Úkraínu á heimsbyggðina.

António Guterres, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, sagði skipið bera milljónum fólks von og kallaði brottför þess „gríðarmikið sameiginlegt afrek.“ ■

ÚTSALA!



casall

HOKA ONE ONE

reima


asics



D/EHLIE

SPORTIS.IS
520-1000

SPORTÍS



SKEIFAN 11
108 REYKJAVÍK

Fíllinn í stofunni



Ólafur
Arnarson
ólafur
@frettabladid.is

Við Íslendingar erum sjálfstæð þjóð. Við erum þjóð meðal þjóða. Við ráðum okkar málum sjálf. Það kemur ekki í veg fyrir margvíslegt samstarf okkar við aðrar þjóðir.

Í Norðurlandaráði fer fram mikilvægt samstarf frændþjóða. Menningin er hornsteinn þess samstarfs. Norræn menning og menningararfur, sem við Íslendingar getum státað okkur af að hafa varðveitt og fært frá gengnum kynslóðum til samtímans og framtíðarinnar, er nokkuð sem við eigum sameiginlegt með frændum okkar.

Orðið frændi er merkilegt orð. Á okkar tungu merkir það fyrst og fremst ættartengsl en í mörgum tungumálum, meðal annars ensku og þýsku, vísar þetta sama orð til vináttu. Frændi er vinur og vinur er frændi.

Innan Atlantshafsbandalagsins erum við í varnarsamstarfi með frænd- og vinabjóðum. Á dögunum fjölgaði um tvær frændþjóðir okkar í því merka bandalagi. Allar Norðurlandþjóðirnar eru nú þátttakendur í NATO.

Líkast til er það einhver landlæg þrjóska sem veldur því að íslenskir ráðamenn berja hausnum við steininn og vilja standa utan stærsta og áhrifamesta lýðræðisbandalags í heimi þar sem fyrir eru vina- og frændþjóðir okkar. Í gegnum EES höfum við skuldbundið okkur til að lögleiða mestallt regluverk ESB, en þar sem við erum ekki aðilar að ESB höfum við engin áhrif á stefnumótun sambandsins.

Þetta er undarlegt hagsmunamat ráðamanna. Með fullri aðild að ESB fengjum við Íslendingar ekki einungis sæti við borðið þar sem stefna sambandsins er mörkuð og ákvarðanir teknar. Við fengjum einnig evruna, gjaldmiðil ESB.

Ísland er gjöfult og gott land. Akkilesarhæll Íslands er krónan, minnsti gjaldmiðill í heimi. Íslenska krónan skaðar samkeppnishæfni Íslands gagnvart umheiminum.

Ástæðan er einföld. Íslensk innflutningsfyrirtæki þurfa að kaupa gjaldeyri af bönkunum til að kaupa inn vörur. Fyrir þetta borga þau bönkunum þóknun. Íslenskir neytendur borga þann brúsa.

Íslensk útflutningsfyrirtæki þurfa að selja bönkunum gjaldeyri fyrir krónur til að geta borgað laun og aðföng hér á landi. Fyrir þetta borga þau bönkunum þóknun. Þetta dregur úr samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja á erlendum mörkuðum.

Íslenskir ferðamenn verða að kaupa gjaldeyri af bönkunum þegar þeir fara í fri til útlanda og greiða bönkunum þóknun. Fyrir vikið verður friið dýrara en ella.

Íslenska krónan er fíllinn í stofunni. ■

Halldór



Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Hrist

Það var að heyra á mörgum útlendingnum sem gisti Ísalandið um helgina að töluvert ónæði hefði verið af náttúru landsins. Munu margir þeirra hafi verið felmtíri slegnir eftir hvern land-skjálftann af öðrum, en einhverjir þeirra höfðu þó ekki hugmynd um hvað var á seyði, enda allsendis óvanir svona háttalagi úr iðrum jarðar. „Nú, er þetta það sem kallast jarðskjálfti,“ sagði einn þeirra í fréttatíma um helgina – og virtist halda að það hefði verið eitthvað allt annað sem hristi hann, kannski bara kuldahrollurinn ...

Hrært

Allt minnir þetta á söguna af norsku blómarósinni sem kom hingað til sumarvinnu um miðjan júní 2000, en fyrsta vinnuhelgin hennar í golfskálunum á Flúðum mun sennilega aldrei liða henni úr minni. Á sjálfan þjóðhátíðardaginn stóð hún í sakleysi sínu á bak við afgreiðslukassann þegar bylmingshögg reiddi yfir húsið, af svo feiknarlegu afli að fyrst hrundi kökuskápurinn í gólfið, svo bjórskápurinn, því næst goskælirinn og loks sjálf sjóðvélinni, eða sem nemur öllu því sem hafði verið uppstandandi í sjoppunni. Og stúlkan stóð stjórf eftir á miðju gólfinu – og spurði kjókrandi: Er det slik ofte? ■

Ríkið hirðir sparnaðinn



Ólafur Ísleifsson
hagfræðingur og
fv. alþingismaður

Skattafslættir eins og þeir um að stofna til séreignarsparnaðar eru algengir. Sem dæmi má nefna skattafslátt til einstaklinga vegna kaupa á hlutabréfum og skattafslætti til fyrirtækja sem vilja reka stóriðjuver hér á landi eða taka upp kvikmyndir í íslensku umhverfi.

Með skattafslætti vegna séreignarsparnaðar er stefnt að mikilvægum þjóðfélagslegum markmiðum eins og að efla innlendan sparnað, auka eftirspurn eftir ríkisskuldabréfum og lækka vexti.

Undantekning frá þeirri reglu að skattafsláttur komi ekki síðar niður á þeim sem hans njóta snýr ekki að stóriðjuverum eða kvikmyndamögul. Hún snýr að fólki 60 ára og eldra sem öðlast hefur heimild til að taka út séreignarsparnað. Gagnvart þessu fólki er höfð uppi hörd skattkrafa. Hún felst í að skattleggja séreignarsparnað eins og hann væri launatekjur. Hann er það ekki. Hann er eign.

Tekjur eru eins og straumvatn, eignir eins og stöðuvatn. Eignir sæta annars konar skattlagningu en tekjur og standa skýr rök til þess. Séreignarsparnaður stendur saman af sparnaðargreiðslum og ávöxtun þeirra. Drýgstur hluti eignarinnar á rót að rekja til ávöxtunar yfir langan tíma.

Ríkið viðurkennir séreignarsparnaðinn sem eign. Hún er varin fyrir kröfuhöfum. Lög heimila að ráðstafa séreignarsparnaði skattfrjálst inn á húsnæðislán. Þeir sem huga að íbúðar kaupum geta fengið séreign útborgaða skattfrjálst upp í fyrstu greiðslu.

Séreignarsparnaðurinn er skattlagður eins og hann væri tekjur. Þrepinn í tekjuskatti eru 31,5%, 38% og 46%. Skattur af fjármagnstekjum er 22%. Skattfrákvæmd sem leggur skatt á eign sem hún væri tekjur stenst ekki.

Fólki er mismunað eftir tekjum við skattlagningu á séreign sinni. Þeir sem falla undir ákvæði um íbúðar kaup sleppa við skattinn. Á jafnræðisreglan ekki við nema stundum?

Fólkið 60+ býr við ofsköttun og mismunun við skattlagningu séreignarsparnaðar. Hversu lengi á þetta að standa? ■



Skattleysi eldri borgara – fjárhagslega hliðin



Ole Anton Bieltvedt
samfélagsrýnir og
dýraverndarsinni

27. júlí sl. skrifaði ég pistil í blaðið með fyrirsögninni „Nýtt sjónarhorn í jafnréttismálum“. Setti ég þar fram þá hugmynd, að sanngjarnt væri og réttmætt, að eldri borgarar, 70 ára og eldri, sem hefðu að miklu lagt grundvöllinn að því samfélagi, sem við búum í og njótum og skilað hefðu sköttum og skyldum til þjóðfélagsins í hálfa öld eða meir, væru leystir frá frekari beinum skattgreiðslum til ríkis og bæja; fengju að njóta síðustu árána, án kvaða og skyldna af þessu tagi.

Það er auðvitað auðvelt að koma með alls konar hugmyndir og kröfur um aukna velferð landsmanna, eða hópa samfélagsins, án þess að hugsað sé fyrir því, hvað hún kosti og hvernig eigi að greiða hana.

Ég vil ekki falla í þá gryfju, og hef ég því, með góðri aðstoð Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, reiknað út, hvað þetta skattleysi eldri borgara myndi kosta og hugleitt, hvernig mætti fjármagna það.

Helztu rökin fyrir skattleysinu

Fyrir mér væri það réttlætismál og nýtt ákjósanlegt stig jafnréttis, milli hinna ýmsu hópa þjóðfélagsins, að eldri borgarar, sem hafa byggt upp þá innviði, sem allir þegnarnir nýta og njóta, fái frið frá kröfugerð samfélagsins, og framlagi til þess, eftir hálfra aldar

framlag og þátttöku í uppbyggingu, við 71-75 ára aldur.

Í þessu jafnréttismati, er líka tekið tillit til þess, að þetta er laskað æviskeið margra og velferð og velsæld skert. Margir eiga á brattann að sækja með sína heilsu og sitt líf. Líf verður gleðisnautt og dapurlegt hjá mörgum.

Meðalaldur karla er 81 ár, kvenna 84 ár. Skattaafsláttur myndi einfalda líf flestra og gefa fólki stóráukna möguleika til að njóta þess lífs, sem eftir er, við leik og störf.

Þeim, sem enn eru í fullu fjöri, yrði þetta hvatning til að halda áfram þátttöku í atvinnulífinu, og héldist því vitneskja og færni, sem reynslan ein kennir, lengur og betur í atvinnulífinu.

Hvers eðlis væri skattaafslátturinn?

Miðað er við, að afsláttur sé veittur á beina – staðgreiðslu – skatta, þ.e. á ellilífeyrisgreiðslur, lífeyrissjóðsgreiðslur og atvinnutekjur, ef viðkomandi er enn á vinnumarkaði.

Afslátturinn sé 20% við 71 árs aldur, 40% við 72 ára aldur, 60% 73 ára, 80% 74 ára og 100% (algjört staðgreiðslu skattleysi) við 75 ára aldur. Hjá hjónum gildi aldur þess, sem eldra er.

Eldri borgarar greiði fjármagnstekjuskatt af vaxtatekjum, arði af hlutabréfum eða verðbréfum eða

af húsaleigutekjum, fullum fetum, áfram.

Hvað kostaði svo skattleysið?

Skv. könnun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í ríkjum Evrópusambandsins, endurheimtir hið opinbera 40 ára af hverri krónu, sem veitt er í skattalækkun. Er gengið út frá því hér.

Skv. því væri tekjutap hins opinbera, ef skattleysisferlið hefðist 1. janúar 2023, byggt á útreikningum Hagfræðistofnunar H.Í., þetta:

Sk.ár	Afslátt.	Afslátt.mia.kr.
2023	20%	4,35
2024	40%	8,70
2025	60%	13,05
2026	80%	17,40
2027	100%	21,75

Hvernig mætti jafna tekjutap hins opinbera?

Eins og fram kemur, yrði þetta tekjutap 4,35 mia.kr. fyrsta árið, færðist svo, ár fyrir ár, upp í 21,75 mia.kr. á fimmta ári og héldist þar.

Nemur sú fjárhæð um 0,8% af vergri landsframleiðslu.

Í margvíslegu talnasambandi væru þessar fjárhæðir ekki ýkja háar. Hagnaður bankanna þriggja, nú fyrsta hálfa árið, er t.a.m. 32 mia.kr. Hagnaður Samherja einn sér myndi duga fyrir stórum hluta endanlegs skattaafsláttar. Áfengis-

gjaldið, sem var yfir 20 mia.kr. 2020, og er nú væntanlega komið í 21-22 mia.kr., myndi dekkja afsláttinn að fullu til frambúðar.

Bankaskattinn mætti líka skoða. Hann var lækkaður úr 0,376% 2020 niður í 0,145%. Ef hann væri tekinn sérstaklega í þessa skattalækkun, þyrfti hann að vera 0,15% fyrsta árið, 0,30% annað, 0,45% þriðja, 0,60 fjórða og 0,75% fimmta árið og til frambúðar.

Bezt færi samt sennilega á því, að áfengisgjaldið yrði eyrnamerkt þessari auknu velferð eldri borgara og bættum lífsgæðum þeirra.

Að því leytnu til, sem þessi skattalækkun myndi skerða heildartekjur ríkissjóðs, hefði hann 5 ár til að aðlagast breytingunni.

Betri heilsa – sparnaður í heilbrigðiskerfinu

Ólafur Ólafsson heitinn, fyrrverandi landlæknir, og margir aðrir sérfræðingar í aldurs- og heilsu-málum, hafa sett fram þá skoðun, að, ef betri afkoma eldri borgara og réttur til áframhaldandi starfs þeirra, sem áfram vilja og geta starfað, væri tryggð, myndi það stórbæta heilsufar þessa hóps, sem nú telur um 45.000 manns, og draga stórlega úr álagi og kostnaði við heilbrigðisþjónustuna. Gæti þessi fjárhagslegi ávinningur numið milljörðum á ári. ■

Í HÆSTARÉTTI

VIÐSKIPTI OG EIGNIR

DÓMSTÓLAR ENGLANDS OG WALES

GJALÐPROTA- OG FYRIRTÆKJARÉTTUR (ChD)

MÁL SEM VARDAR

REASSURE LIFE LIMITED

og

MÁL SEM VARDAR

PHOENIX LIFE LIMITED

og

MÁL SEM VARDAR

PHOENIX LIFE ASSURANCE EUROPE DESIGNATED ACTIVITY COMPANY

og

MÁL SEM VARDAR

THE FINANCIAL SERVICES AND MARKETS ACT 2000

TILKYNNING

HÉR MED TILKYNNIST að þann 10 júní 2022 lögðu ReAssure Life Limited („**ReAssure Life**“) og Phoenix Life Limited („**Phoenix Life**“) og kallast ásamt ReAssure Life, („**flytjendur**“) og Phoenix Life Assurance Europe DAC („**viðtakandi**“) fram beiðni („**beiðni**“) til High Court of Justice, Business and Property Courts of England and Wales, Companies Court in London („**hæstiréttur**“) samkvæmt grein 107(1) í Financial Services and Markets Act 2000 (ásamt viðbótum) („**FSMA**“) um tilskipun samkvæmt kafla 111 í FSMA til að veita heimild fyrir áætlun um flutning frá flytjanda á tilteknum tryggingarekstri og tengdum eignum og ábyrgð („**fluttur rekstur**“) til viðtakanda í samræmi við tilskipunina og án frekari aðgerða eða gerninga („**áætlun**“).

Phoenix Life og viðtakandinn munu einnig leggja fram beiðni („**íraska umsókin**“) til High Court of Ireland („**hæstiréttur Írlands**“) samkvæmt Assurance Companies Act 1909 (ásamt viðbótum) („**1909 löggjöfin**“), Insurance Act 1989 (ásamt viðbótum) og reglugerð Evrópusambandsins (trygginga- og endurtryggingalög 2015, ásamt viðbótum) um tilskipun samkvæmt 13. kafla 1909-löggjafarinnar sem veitir heimild fyrir áætlun um flutning frá tryggingarekstri írsku útibús Phoenix Life til viðtakandans („**íraska áætlunin**“).

Bæði hæstiréttur og hæstiréttur Írlands verða að samþykka beiðnina og krafan um höfuðstól

(eins og hún er skilgreind í áætluninni) verður að vera uppfyllt áður en fyrirhugaður flutningur fer fram.

Tryggingar sem flytjast samkvæmt áætluninni og írsku áætluninni kunna að hafa verið veittar af fyrirtækjum sem flytjendurnir hafa eignast með tímanum. Fyrri fyrirtækjaheiti sem tengjast flytjendunum eru sem hér segir:

- ReAssure Life:** Fluttur rekstur ReAssure Life innifelur tryggingar sem voru undir heitunum Skandia Life Assurance Company Limited og Old Mutual Wealth Life Assurance Limited.
- Phoenix Life:** Fluttur rekstur Phoenix Life felur í sér reglur sem gætu verið merktar Britannia Life Limited, Life Association of Scotland Limited, Alba Life Limited, Sun Alliance and London Assurance Company Limited, Royal & Sun Alliance Life & Pensions Limited, Phoenix & London Assurance Limited, Phoenix Life and Pensions Limited, Swiss Life (UK) plc, Blackburn Assurance Limited, Pioneer Mutual Insurance Company Limited, Stamford Mutual Insurance Company Limited, Scottish Provident Limited, Scottish Provident Institution og Scottish Mutual Assurance Limited auk Phoenix Life.

Hægt er að fá eftirfarandi skjöl án endurgjalds:

- afrit af skýrslu um skilmála áætlunarinnar, samin í samræmi við kafla 109 í FSMA og

írsku áætlunarinnar í samræmi við kafla 13(3)(b) í 1909 löggjöfinni („**skýrsla óháðs aðila**“), af óháðum aðila, Philip Simpson frá Milliman LLP. Tilnefning hans var samþykkt af Prudential Regulation Authority, í samráði við FCA og var einnig tilkynnt til Central Bank of Ireland;

- afrit af áætluninni og írsku áætluninni; og
- afrit af samskiptapakkanum sem verður sendur til fluttra tryggingahafa (sem inniheldur samantekt yfir skilmála áætlunarinnar og írsku áætlunarinnar (eftir því sem við á), samantekt fyrir skýrslu óháðs aðila og bækling með sérteknum upplýsingum um tryggingar með tekjum).

Þessi skjöl er einnig hægt að nálgast á vefsíðum flytjendanna og PLAЕ:

- Phoenix Life: www.phoenixlife.co.uk/transfer22;
- Phoenix, Írlandi: www.phoenixireland.com/transfer22;
- ReAssure Life: www.reassure.co.uk/transfer22; og
- PLAE: www.PLAЕ.thephoenixgroup.com.

Stuðningsskjöl og aðrar fréttir um áætlunina og írsku áætlunina verða birt á vefsvæðunum sem eru tilgreind hér fyrir ofan. Einnig er hægt að biðja um ókeypis afrit af þessum skjölum með því að skrifa eða hringja í flytjendurna með því að nota samskiptaupplýsingarnar hér fyrir neðan.

Beiðnin verður tekin til málflutnings 18. október 2022 af dómara Chancery Division hæstaréttar í Rolls Building, Fetter Lane, London EC4A 1NL. Írska beiðnin verður tekin til málflutnings hjá hæstarétti Írlands í Four Courts, Inns Quay, Dublin 7 þann 1. nóvember 2022. Ef bæði hæstiréttur og írski hæstiréttur samþykkja tillögurnar og kröfur um eigið fé (eins og skilgreint er í áætluninni) er fullnægt, taka áætlunin og írska áætlunin báðar gildi 00:01 Dublin-tíma og London-tíma 1. janúar 2023. Ef dagsetningin breytist munum við láta þig vita með því að birta tilkynningu á vefsíðum flytjenda og viðtakanda. Einnig munum við bæta upptöku með skilaboðum við þjónustulínu okkar (sjá upplýsingar um þjónustulínur hér fyrir neðan).

Hver sá einstaklingur sem heldur því fram að hann verði fyrir neikvæðum áhrifum af flutningunum samkvæmt áætluninni á rétt á að vera viðstaddur málflutninginn og láta skoðanir sínar í ljós, í eigin persónu eða í gegnum

lagalegan fulltrúa. Þar sem slíkur fulltrúi er ekki löglegur fulltrúi þarf réttur að leyfa þeim að tala fyrir þig.

Hver sá einstaklingur sem heldur því fram að hann verði fyrir neikvæðum áhrifum af áætluninni en getur ekki verið viðstaddur málflutninginn getur látið skoðanir sínar á áætluninni í ljós (a) með því að hringja í flytjendurna eða skrifa þeim eða (b) með því að skrifa bréf til lögmannanna sem eru tilgreindir hér fyrir neðan, með því að nota samskiptaupplýsingarnar.

Hver sá einstaklingur sem hefur í hyggju að vera viðstaddur málflutninginn eða koma með athugasemdir í gegnum síma eða skriflega er beiðinn um (en ekki skyldugur til) að leggja fram andmæli sín eins fljótt og hægt er og helst að minnsta kosti fimm dögum áður en málflutningur beiðnarinnar hefst þann 18. október 2022. Senda skal andmælin til flytjendanna eða lögmannanna sem eru tilgreindir hér fyrir neðan, með því að nota samskiptaupplýsingarnar.

Ef þú tókst tryggingu á Írlandi:

- Skjöl sem varða írsku áætlunina sérstaklega:** Skjöl sem tengjast sérstaklega írsku áætluninni: þessi skjöl verða afhent þér með póstsendingunni og þau verða birt á vefsvæði írsku útibús Phoenix Life á www.phoenixireland.com/transfer22.

- Andmælaréttur:** Þú átt rétt á að leggja fram andmæli gegn þessari áætlun, bæði til hæstaréttarins í London (eins og lýst er hér fyrir ofan) og til hæstaréttar Írlands gegn írsku áætluninni (eins og lýst er í sérstöku tilkynningunni um írsku flutninginn). Tilkynningin um írsku áætlunina verður birt sérstaklega í fyllingu tímans.

- Réttur til að mæta í málflutning írsku áætlunarinnar og láta skoðun sína í ljós:** Rétti þínum til að mæta í málflutning írsku áætlunarinnar verður lýst í tilkynningu sem verður birt sérstaklega fyrir írsku áætlunina.

Ef þú hefur nýlega fært eða breytt upplýsingum um búsetu þína: ef þú hefur flutt nýlega eða breytt samskiptaupplýsingum þínum: hafðu samband við flytjendurna með því að nota samskiptaupplýsingarnar hér fyrir neðan til að láta uppfæra upplýsingar þínar og til að fá upplýsingar um flutninginn ef tryggingin þín er hluti af flutta rekstrinum.

Við munum deila öllum andmælum sem

tengjast áætluninni með hæstarétti Englands og Wales. Við munum einnig deila öllum andmælum sem tengjast írskum tryggingum með hæstarétti Írlands.

Ef áætlunin og írska áætlunin fá samþykki frá viðkomandi hæstarétti munu allir samningar, fasteignir, eignir og ábyrgð flutta rekstursins (í samræmi við áætlunina og írsku áætlunina) flytjast til viðtakandans, fyrir utan ef einstaklingur á rétt á að segja upp, breyta, eignast eða gera tilkall til hagsmuna eða réttar eða til að meðhöndla hagsmuni eða réttindi sem var sagt upp eða breytt. Öll slík réttindi verða framfylgjanleg að því leyti sem fram kemur í tilskipunum hæstaréttar og hæstaréttar Írlands.

Samskiptaupplýsingar flytjanda og viðtakanda:

Símanúmer þjónustulínu:

Á ensku:

Phoenix Life: 1800 856 077

(eða +44 (0) 1952 522 053 erlendis frá)

Phoenix Ireland: 1800 856 078

(eða +44 (0) 1952 523 512 erlendis frá)

Á þýsku: 0800 724 0450

(eða +44 (0) 1952 524 470 erlendis frá)

Á sænsku: 0200 880 017

(eða +44 (0) 1952 523 510 erlendis frá)

Á norsku: 2315 9800

(eða +44 (0) 1952 524 472 erlendis frá)

Þessar þjónustulínur verða opnar frá 09:00 til 17:00 (að staðartíma) mánudaga til föstudaga (fyrir utan opinbera frídaga í Bretlandi).

Þjónustulína á íslensku: 00 354 553 6688

Þjónustulínan á íslensku verður opin frá 10:00 til 16:00 (að staðartíma) mánudaga til föstudaga (fyrir utan opinbera frídaga).

Heimilisfang:

Til starfsfólks PLAЕ vegna flutninga: PO Box 456, Windsor House, Ironmasters Way, Telford, TF7 9GH, Bretland

Til starfsfólks Phoenix Life á Íslandi: Phoenix Life Þjónustudeild, Tryggingamiðlun Íslands, Hlíðasmári 12, 201 Kópavogur, Ísland

Linklaters LLP

Heimilisfang: One Silk Street, London, EC2Y 8HQ

Tilv: L-307078

Lögfræðingar flytjenda og viðtakanda

Veislan hefst á föstudaginn

Enska úrvalsdeildin hefur fyrir löngu unnið sér stóran sess meðal íslensku þjóðarinnar og nú liður að því að flautað verði til leiks á nýjan leik. Mikil eftirvænting ríkir meðal knattspyrnuáhugafólks fyrir komandi tímabili og ljóst að mörg félög ætla sér stóra hluti á tímabilinu. Aðeins eitt lið mun hins vegar standa uppi sem Englandismeistari að lokum.

Enska Úrvalsdeildin 2022-2023


5. ágúst 2022 – 28. maí 2023:

Þriðugasta og fyrsta tímabilið í ensku úrvalsdeildinni hefst á föstudaginn með opunarleik Crystal Palace og Arsenal. Manchester City eru ríkjandi meistarar eftir að hafa haft betur gegn Liverpool í titilbaráttunni á síðasta tímabili þar sem úrslitin réðust í lokaumferðinni

Erling Haaland Man City

Keyptur á 51.2 milljónir punda frá þýska stórveldinu Dortmund

Leikvangarnir



Met var slegið á síðasta tímabili en í fyrsta skipti mættu yfir 15 milljónir manns á þá 380 leiki sem í boði voru. Þetta eru leikvangarnir sem spilað verður á í ensku úrvalsdeildinni:

Newcastle United: St. James' Park
Tekur 52.300 manns

Leeds United: Elland Road
37.890 manns

Nottingham Forest: City Ground
30.440 manns

Leicester City: King Power Stadium
32.270 manns

Aston Villa: Villa Park,
42,680

Brighton: Amex Stadium
30.660 manns
Southampton: St. Mary's Stadium
32.380 manns

West Ham United: London Stadium
60.000 manns

Bournemouth: Vitality Stadium
11.320 manns

Tottenham: Tottenham Hotspur Stadium
62.060 manns

Everton: Goodison Park
39.220 manns

Man Utd: Old Trafford (fyrir ofan)
Tekur 74.870 manns

Liverpool: Anfield
53.390 manns

Man City: Etihad Stadium
55.000 manns

Wolverhampton: Molineux, 32.050 manns

LONDON

Arsenal Emirates Stadium
60.260 manns

Fulham: Craven Cottage
19.000 manns

Chelsea: Stamford Bridge
40.850 manns

Crystal Palace: Selhurst Park
25.480 manns

Brentford: Community Stadium,
17.250 manns

Nýliðarnir

Nottingham Forest eru mættir á ný í deild þeirra bestu í fyrsta skipti frá árinu 1999. Þá eru kunnugleg andlit í liðum Fulham og Bournemouth einnig mætt aftur.

44.9% af þeim 89 liðum sem hafa tryggt sig upp í ensku úrvalsdeildina hafa fallið aftur niður um deild á fyrsta tímabili.

Mason Mount þáð mun mikið á þessum uppaldi Chelsea sóknarmanni mæða

Darwin Nunez Liverpool

Keyptur til Liverpool frá Benfica fyrir 85 milljónir punda.

Englandsmeistaratitlarnir

Manchester United hefur unnið ensku úrvalsdeildina oftar en nokkuð annað lið í Englandi frá því að núverandi sníð deildarinnar var tekið í gagnið tímabilið 1992-93, þrettán sinnum. Nágrannarnir í Manchester City eru hins vegar farnir að láta að sér kveða, hafa unnið deildina fjórum sinnum af síðustu fimm tímabilum.

Manchester United: 13 titlar 1993, 94, 96, 97, 99, 2000, 01, 03, 07, 08, 09, 11, 13

Manchester City 6 2012, 14, 18, 19, 21, 22

Chelsea 5 2005, 06, 10, 15, 17

Arsenal 3 1998, 2002, 04


Liverpool 1 2020

Leicester City 1 2016

Blackburn Rovers 1 1995

Gullskórin
Heung-Min Son, sóknarmaður Tottenham var fyrsti leikmaðurinn frá Asíu til þess að vinna gullskóinn sem veittur er markahæsta leikmanni ensku úrvalsdeildarinnar. Hann deildi verðlauninum með Mohamed Salah, skoruðu báðir 23 mörk.

Sigurleikir í ensku úrvalsdeildinni frá upphafi



Lykilleikir

Tímasetningar á leikjum gætu breyst vegna sjónvarpsútsendinga



Fyrsta umferð 5.-7. Ágúst

Crystal Palace	-	Arsenal
Fulham	-	Liverpool
Bournemouth	-	Aston Villa
Leeds United	-	Wolves
Newcastle United	-	Notts. Forest
Tottenham	-	Southampton
Everton	-	Chelsea
Leicester City	-	Brentford
Manchester Utd	-	Brighton
West Ham United	-	Manchester City

Annar í júlum: 26. Des

Arsenal	-	West Ham United
Aston Villa	-	Liverpool
Brentford	-	Tottenham
Chelsea	-	Bournemouth
Crystal Palace	-	Fulham
Everton	-	Wolves
Leeds United	-	Manchester City
Leicester City	-	Newcastle United
Manchester Utd	-	Notts. Forest
Southampton	-	Brighton

STÓRU leikirnir

		Úrslit 2021-2022
Aug 14	Chelsea - Tottenham	2-0
Aug 22	Man Utd - Liverpool	0-5
Sep 4	Man Utd - Arsenal	3-2
Sep 10	Man City - Tottenham	2-3
Sep 18	Chelsea - Liverpool	2-2
Oct 1	Arsenal - Tottenham	3-1
Oct 1	Man City - Arsenal	4-1
Oct 8	Arsenal - Liverpool	0-2
Oct 15	Liverpool - Man City	2-2
Oct 18	Arsenal - Man City	1-2
Oct 19	Man Utd - Tottenham	3-2
Oct 22	Chelsea - Man Utd	1-1
Nov 5	Chelsea - Arsenal	2-4
Nov 5	Tottenham - Liverpool	2-2
Jan 2	Chelsea - Man City	0-1
Jan 14	Man Utd - Man City	0-2
Jan 14	Tottenham - Arsenal	3-0
Jan 21	Arsenal - Man Utd	3-1
Jan 21	Liverpool - Chelsea	1-1
Feb 4	Tottenham - Man City	1-0
Feb 25	Tottenham - Chelsea	0-3
Mar 4	Liverpool - Man Utd	4-0
Apr 1	Man City - Liverpool	2-2
Apr 8	Liverpool - Arsenal	4-0
Apr 22	Man Utd - Chelsea	1-1
Apr 25	Tottenham - Man Utd	0-3
Apr 26	Man City - Arsenal	5-0
Apr 29	Arsenal - Chelsea	0-2
Apr 29	Liverpool - Tottenham	1-1
May 20	Man City - Chelsea	1-0

Fyrstu leikir á nýju ári

Arsenal	-	Newcastle United
Aston Villa	-	Wolves
Brentford	-	Liverpool
Chelsea	-	Manchester City
Crystal Palace	-	Tottenham
Everton	-	Brighton
Leeds United	-	West Ham United
Leicester City	-	Fulham
Manchester Utd	-	Bournemouth
Southampton	-	Notts. Forest

Lokaumferðin 28. Maí

Arsenal	-	Wolves
Aston Villa	-	Brighton
Brentford	-	Manchester City
Chelsea	-	Newcastle United
Crystal Palace	-	Notts. Forest
Everton	-	Bournemouth
Leeds United	-	Tottenham
Leicester City	-	West Ham United
Manchester Utd	-	Fulham
Southampton	-	Liverpool



Reglubreyting í ensku úrvalsdeildinni heimilar liðum að gera fimm skiptingar á meðan leik stendur í stað þriggja en í aðeins að hámarki í þremur hollum.



NOV 2022

Hlé verður gert á deildinni frá 12. nóv – 26. des vegna HM í Katar

ALLT



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

ÞRIÐJUDAGUR 2. ágúst 2022

KYNNINGARBLAÐ



Ásta Kristín Benediktsdóttir bókmenntafræðingur leiðir gönguna næsta fimmtudag. MYND/ADSEND

Hinsegin bókmenntaganga

starri@frettabladid.is

Næsta fimmtudag mun Ásta Kristín Benediktsdóttir bókmenntafræðingur leiða göngugesti um miðborgina og bjóða þeim með sér í heimsókn á sögusvið hinsegin bókmennta frá ýmsum tímum. Gangan er hluti af viðburðaröðinni Kvöldgöngum, auk þess að vera hluti af dagskrá Hinsegin daga sem nú standa yfir.

Meðal bóka sem koma við sögu má nefna bókina Mánastein – drenginn sem aldrei var til eftir Sjón, Millu eftir Kristínu Ómarsdóttur og Man ég þig löngum eftir Elías Mar.

Persónur lifna við

Ásta mun leitast við að svara spurningum á borð við: Hvar varði drengurinn Máni Steinn, sem aldrei var til, dögum sínum? Vann hin tuttugu og eins árs gamla Milla kannski á Borgarbókasafninu? Hvers kyns ástarsorg hrakti hinn vestfirski Halldór Óskar Halldórs-son aftur heim til sín eftir skamma Reykjavíkurdvöl?

Ásta Kristín er bæði fróð og forvitin um hinsegin bókmenntir og göngugestir ættu ekki að vera sviknir af rabblabbi með henni og sögupersónunum um stræti Reykjavíkur á Hinsegin dögum.

Meðan Hinsegin dagar standa yfir verður allur hinsegin bóka-kostur Borgarbókasafnsins til sýnis í bókabíl á Lækjartorgi.

Nánari upplýsingar á Facebook-síðu og vef Borgarbókasafnsins. ■



Birta Ósk segir að bæði almenningur og stjórnvöld geti gert ýmislegt til að standa með og styrkja stöðu kvára á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Kvár eru ósýnileg í íslensku samfélagi

Birta Ósk hefur verið að rannsaka félagslega stöðu kvára á Íslandi og segir mikla þörf á vitundarvakningu um hópinn, sem sé að miklu leyti ósýnilegur. Hán segir að bæði almenn-ingur og stjórnvöld geti gert marga til að sporna við þeim hindrunum sem kvár mæta. **2**

POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS**ALOE VERA**
MELTING & BÓLGURwww.celsus.is

oddurfreyr@frettabladid.is

Birta Ósk verður með erindi á fimmtudaginn næstkomandi klukkan 16 í Borgarbókasafninu Grófinni sem ber heitið „Jafnrétti kynjanna – hvar passa kvár?“. Erindið er hluti af dagskrá Hinsegin daga og þar kynnir hán rannsókn sína.

Eflaust þekkja sumir ekki einu sinni merkingu orðsins kvár, en orðið varð til í janúar 2020.

„Kvár er nafnorð og regnhlífirheiti yfir alla fullvaxta kynsegin einstaklinga sem samsvarar nafnorðunum karl og kona. Það vantaði nafnorð, því að kynsegin er lýsingarorð,“ segir Birta. „Það er nokkuð góð samstaða í hinsegin samfélaginu um að þetta sé gott orð yfir hópinn, en það eru líka til kynsegin einstaklingar sem nota ekki orðið og finnst það ekki eiga við sig.“

Birta er að gera eigindlega rannsókn á stöðu kvára á Íslandi og jadarsetningunni sem þau upplifa og tekur til þess viðtöl við kvár á öllum aldri.

„Það er mjög misjafnt hvað kynið kvár þýðir fyrir þennan hóp. Sum upplifa sig alveg fyrir utan kynjatvíhyggjuna kona og karl, sum upplifa sig sem bæði og sum upplifa að þau séu meira öðru hvoru megin,“ segir hán. „Þetta er allt gott og gilt og engin er meira eða minna kvár. Þetta er alveg eins og með karla og konur. Það er mjög misjafnt hversu karlmannlegt eða kvenlegt fólk upplifir sig.“

Skýrsla um rannsóknina væntanleg í september

Birta er sjálf kvár og meistaranemi í kynjafræði. Hán segir að sér finnist kyn og kynupplifanir ótrúlega áhugavert fyrirbæri.

„Mig langaði líka að hjálpa samfélaginu mínu og vera hluti af jákvæðum breytingum,“ segir hán. „Ég byrjaði á rannsókninni í júní og er enn að vinna úr gögnum mínum, en skýrsla um rannsóknina verður aðgengileg á vef Kvenréttindafélags Íslands í september. Vonandi hefur hún góð áhrif og stuðlar að aukinni vitundarvakningu, samþykki á kvárum og því að hrint verði af stað aðgerðum sem stuðla að jafnrétti fyrir kvár á Íslandi.“

Birta hefur verið starfsnemi hjá Kvenréttindafélaginu í sumar á meðan rannsóknin fer fram, en hán vann hugmyndasamkeppni Kvenréttindafélagsins og rannsóknin fékk svo styrk hjá Nýsköpunarsjóði námsmanna.

„Við höfum mjög mikið stutt hinsegin samfélagið til að ná jafnrétti milli allra, óháð kyni, og þannig styrkja samfélagið í heild,“ segir Rut Einarsdóttir,



framkvæmdastýra Kvenréttindafélagsins. „Okkur leist afar vel á hugmyndina hennar Birtu. Það er ekki nógu mikið talað um þetta í samfélaginu og það vantar rosalega mikla vitundarvakningu um þetta.“

Vitum ekkert um stöðu kvára

Þegar við fjöllum um kynjajafnrétti eru kvár oft ekki tekin inn í myndina, þannig að við vitum í raun mjög lítið um hvernig misrétti birtist hjá kvárum. Mig langaði að skoða þetta vísendalega og í leiðinni koma með hugmyndir um hvað er hægt að bæta til að stuðla að jafnrétti fyrir hópinn,“ segir Birta. „Mér finnst skipta máli að horfa á þetta út frá kynjajafnréttis sjónarhorni, af því að þetta er oft tekið til hliðar og lítið á þetta sem eitthvað sem hinsegin samfélagið er að eiga við, en þetta er í raun hluti af kerfislegu kynjamisrétti. Allt fólk á að standa jöfnum fæti og hafa sama rétt í samfélaginu til að gera það sem það vill og tjá sig eins og það vill, óháð kyni sínu.“

„Það skiptir miklu að fólk sé viðurkennt í sínu kyni og hafi jöfn tækifæri, til starfs, menntunar og þátttöku í samfélaginu, óháð kyni,“ bætir Rut við.

„Það hefur vissulega orðið vitundarvakning en hún þarf að vera miklu meiri. Við þekkjum til dæmis alls konar tölfraði um kynjamisrétti, en vitum eiginlega ekkert um stöðu kvára,“ segir Birta. „Við vitum ekki neitt um

Kvár mæta mörgum hindrunum í samfélaginu. Megin hindrunin er þessi ósýnileiki og að fólk gerir alltaf ráð fyrir því að þú sért karl eða kona.

Birta Ósk

fjölskyldumynstur kvára, við hvað þau vinna, hvað þau eru að læra og gera. Þau hafa einhvern veginn bara verið útilokuð í umræðu og rannsóknum um kynjajafnrétti. Það er stóra vandamálið. Kvár eru bara svo ósýnileg í íslensku samfélagi.“

Það er mikilvægt að ögra kynjahlutverkum

„Það eru líka mörg sem trúa enn á þessi kynbundnu hlutverk, að karlar séu betri í hinu og þessu og konur í öðru og vita ekki alveg hvar þau eiga að setja kvár í þetta,“ segir Rut. „Þess vegna er svo mikilvægt að ögra þessum kynjahlutverkum. Það tengist ekkert kyni fólks hvað það getur gert.“

„Sum eru á móti kvárum og trúa ekki að þau séu til því það eitt að vera kvár ögrar þessum kynbundnu hlutverkum og staðalímyndum um kynin,“ segir Birta. „Þetta ögrar grundvallarheimssýn fólks og þess vegna getur það verið svo flókið fyrir fólk að endurskoða sínar hugmyndir.“

Hindranir í öllum kerfum

„Kvár mæta mörgum hindrunum í samfélaginu. Meginhindrunin er þessi ósýnileiki og að fólk gerir alltaf ráð fyrir því að þú sért karl eða kona svo þú þarft sífellt að vera að koma út fyrir nýju fólki og sanna fyrir því kynið þitt,“ segir Birta. „Það er ekki gert ráð fyrir kvárum í samfélaginu og ég sé hindranir í öllum kerfum. Í heilbrigðiskerfinu þarf til að mynda að efla trans teymið töluvert. Það er mjög langur biðlisti, það eru óþarfa skref í ferlinu og það þarf líka að fræða lækna um hvernig á að tala við og þjónusta kvár og annað trans fólk.

Í mörgum skólum er núna auðveldara að breyta nafninu sínu og fornöfnum í skráningu, en það

getur verið vesen að fá kennara og samnemendur til að nota rétt nafn og fornöfn. Fólk hefur lýst alls konar fordómum og mótlæti í skólunum,“ segir Birta. „Á vinnustöðum er þetta svipað og mörg segjast ekki koma út þegar þau sækja um störf af ötta við að fá þau ekki. Svo þegar þau koma inn á vinnustaðinn þurfa þau að meta aðstæður áður en þau þora að koma út.

Það getur líka verið hindrun fyrir kvár að nota alla kynjaða aðstöðu, eins og salerni og búningsklefa sundlauga. Það er mjög alvarlegt því það útilokar kvár til dæmis frá stórum hluta af menningu Íslendinga að komast ekki í sund,“ segir Birta.

Birta segir að það sé líka fólk sem segist viðurkenna kvár en breytir ekki endilega hegðun til að sýna það í verki. „Þetta fólk notar til dæmis ekki réttu fornöfnin eða nýju nöfnin sem kynsegin fólk biður það um,“ segir hán.

Þurfum að hlusta, trúa og styðja

„Svo er það líka bein hatursorðræða. Flest kvár upplifa það ekki með beinum hætti, en heyra það útundan sér eða sjá það í Facebook-pósti eða skoðanagreinum. Það hefur djúpstæð og erfið áhrif á sálarlíf fólks, það fer lengra inn í skápin og þorir síður að koma út,“ útskýrir Birta. „Svo er náttúrulega líka valdamikið fólk sem er beinlínis á móti kvárum, sem er mjög alvarlegt, því það setur fólk sem er kynsegin í mjög slæma stöðu og það þarf stöðugt að vera á varðbergi. Þannig að það er ekkert auðvelt að koma út og ég get nánast fullyrt að það eru mjög mörg kvár sem þora ekki að koma út.“

„Þegar háttsettir embættismenn tala gegn ákveðnum hópum er það líka ekki bara árás á þennan tiltekna hóp innan hinsegin samfélagsins heldur hefur það áhrif á allt samfélagið,“ bendir Rut á.

„Þetta gerir það líka að verkum að sis fólk sem styður kvár er hræddara við að tala fyrir hópinn og leiðréttanna annað fólk,“ segir Birta. „En það er svo mikilvægt að það geri það, því það er mikið léttara fyrir fólk í forréttindastöðu að taka þennan slag og mjög erfiitt fyrir kvár að vera sífellt sett í þá stöðu að þurfa að leiðrétta og sannfæra aðra um hver þau eru.“

„Það er líka mikið af fólki sem

segist ekki skilja, en mér finnst ekki endilega mikilvægast að skilja. Aðalatriðið er að virða fólk sem er ólíkt og hlusta, trúa og styðja,“ segir Rut. „Það þarf bara að leyfa fólki að vera eins og það er.“

„Það er bakslag í réttindabaráttu hinsegin fólks núna, sem er sorglegt að sjá. En þess vegna finnst mér til dæmis ótrúlega mikilvægt að hlusta á það sem Trans Ísland segir. Þau eru að leiðrétta rangfærslur, en því miður er klárt fólk oft að segja ranga og skaðlega hluti,“ segir Birta.

„Það er mikið bakslag í Evrópu í heild. Það er mikilvægt að við tökum á því strax á Íslandi svo þessi umræða komist ekki á loft hérna. Við þurfum að taka slaginn og hlusta á fólk sem talar frá eigin reynslu,“ bætir Rut við.

Kemur með tillögur til stjórnvalda um hluti sem má bæta

„Í erindinu mínu á fimmtudaginn kynni ég rannsóknina mína og bendi á hvernig hægt er að sporna við þessu. Við getum öll gert eitthvað. Bætt okkur, frætt okkur um málefni kvára, vandað okkur að tala í kynhlutlausu máli þegar á við og tala rétt við og um kvár. Sis fólk getur verið mun duglegra að standa með kvárum og trans fólki og leiðrétt rangfærslur eða þegar annað fólk er að rangkynja og fara með rangt mál eða beinlínis hatursorðræðu,“ segir Birta. „Stjórnvöld geta líka bætt ýmislegt og ég mun koma með tillögur til þeirra í skýrslunni minni. Þau þurfa að skoða þessar kerfislegu hindranir sem eru til staðar. Það virðist vera að í öllum kerfum megi breyta einhverju og bæta.“

„Það var stórt skref þegar kvár voru viðurkennd í jafnréttislögum, en þessi viðurkenning þarf að ná til miklu fleiri laga en bara jafnréttislaga,“ segir Rut.

„Það var líka mjög stórt og mikilvægt skref þegar lög um kynrænt sjálfræði voru samþykkt árið 2019, en þar er samt líka margt sem má bæta. Kannski ekki sist í að framfylgja þeim lögum,“ segir Birta.

„Ég er mjög spennt fyrir viðburðinum á fimmtudaginn og held að þetta verði rosalega gaman. Vonandi taka líka sem flest þátt í umræðunum sem fara þar fram, því þetta er verkefni sem við þurfum öll að taka þátt í,“ segir Birta að lokum. ■

Birta Ósk hefur verið í starfsnámi hjá Kvenréttindafélagi Íslands á meðan hún hefur unnið að rannsókninni. Rut Einarsdóttir, framkvæmdastýra félagsins, segir að félagið hafi mikið stutt hinsegin samfélagið til að stuðla að jafnrétti milli allra, óháð kyni.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYÞÓR

Mögnuð melting, alla daga

SYNERGIZE-YOUR-GUT®. Hágæða blanda af sýrubolnum góðgerlum fyrir öfluga meltingu. Eitt hylki á dag fyrir heilbrigða þarmaflóru.



Nýtt og spennandi vörumerki á Íslandi! Fæst nú í Apótekanum, Lyf & heilsu, Hagkaup og Krónunni.

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Starri Freyr Jónsson starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Fasteignablaðið

31. TBL. 2. ÁGÚST 2022

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

VIÐ LEIÐUM ÞIG HEIM

Landmark fasteignamiðlun

Hlíðasmára 2

201 Kópavogur

Sími: 512 4900

www.landmark.is

LANDMARK
FASTEIGNAMIÐLUN

Síðumúla 27 | 588 4477 | www.valholl.is



Ingólfur Geir Gissurarson
Frákvæmdastjóri,
lögg. fast., leigumiðlari
896 5222
ingolftur@valholl.is



Hildur Harðardóttir
Löggiltur fasteignasali,
skjalagerð.
897 1339
hildur@valholl.is



Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri,
lögg. fast. B.Sc.
693 3356
heiðar@valholl.is



Snorri Snorrason
Löggiltur fasteignasali
895 2115
snorri@valholl.is



Hrafnhildur B. Baldursdóttir
Löggiltur fasteignasali,
BA í Stjórnsláfræði.
862 1110
hrafnhildur@valholl.is



Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm. fasteignasala
Snæfellsnesi
893 4718
petur@valholl.is



Hólmfríður Björvinsdóttir
Ritari
588 4477
ritari@valholl.is



Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
Listi og innhúss stílisti
892 8778
anna@valholl.is



Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali
899 9083
sturla@valholl.is



Elin Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
695 8905
elin@valholl.is



Jónas H. Jónsson
Löggiltur fasteignasali,
Eignaskiptayfirlýsandi.
842 1520
jonas@valholl.is

Reykjavík
Snæfellsbæ
Höfn HornafirðiFagleg þjónusta
Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

**Beinn sími: 550 5625****Sölufulltrúar:**

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is

Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



Í húsinu er þjónusta fyrir aldraða auk heilsugæslu.

Góð íbúð fyrir eldri borgara

Fold fasteignasala, 552-1400, kynnir 2 herbergja íbúð fyrir 67 ára og eldri á 2. hæð, samtals 65,6 fm. Íbúðin er á Vesturgötu 7, 101 Reykjavík.

Íbúðin er 57,8 fm ásamt 8,1 fm sérgeymslu í sameign. Góðar svalir út frá stofu. Dúkur og flisar eru á gólfum. Þegar inn er komið tekur við gangur með góðu skápláss. Rúmgott svefnherbergi. Baðherbergi með innréttingu og sturtu. Tengi fyrir þvottavél. Stofa og eldhús saman í opnu rými. Ágæt innrétting á heilum vegg. Útgengt út á svalir í suðvestur. Íbúðin er til afhendingar strax við kaupsamning. Í heildina góð íbúð með góðu innra skipulagi.

Í húsinu er félagsmiðstöð eldri borgara ásamt heilsugæslu og góðri sameign. Lyfta. Stutt í margvíslega þjónustu í miðbæ Reykjavíkur.

Bílastæðahús á tveimur pöllum ásamt þremur hæðum til viðbótar. Á fyrstu hæð (jarðhæð) er þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar ásamt heilsugæslu. Á annarri og þriðju hæð eru 26 íbúðir ásamt geymslum.

Yfirlýsing húsfélags liggur fyrir ásamt ástandsskýrslu frá Eflu verkfræðistofu.



Frábært hús fyrir þá sem eru orðnir 67 ára og vilja minnka við sig um leið og þeir fá þjónustu.




Íbúðin er laus nú þegar og verður afhent við kaupsamning.

Fyrirhugað fasteignamat íbúðarinnar 2023 er 53.800.000. Velkomið að panta tíma fyrir skoðun, sýnum samdægurs. Íbúðin er tóm. ■

Nánari upplýsingar gefur Gústaf Adolf lgf., gustaf@fold.is/895-7205, Fold fasteignasala, s. 552-1400, Sóltúni 20, 105 Reykjavík.

Gústaf Adolf 895-7205/Rögnvaldur, s. 660-3452/Einar, s. 893-9132/Viðar, s. 694-1401/www.fold.is Við erum á Facebook.



heimili

fasteignasala
á traustum grunni

Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.



Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is





Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th.
Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Elín D.
Guðmundsdóttir
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Sigríður
Kjartansdóttir
Lögg. fasteignasali
sigridur@fastmark.is



Hallveig
Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@
fastmark.is

Starfandi í 40 ár – 1982-2022

Hverfisgata 94 - 3ja herbergja íbúð á 4. hæð



Eignin verður til sýnis á morgun, miðvikudag frá kl. 17.00 – 17.30

- Virðilega vönduð 123,1 fermetra 3ja herbergja íbúð á 4. hæð að meðtalinni sér geymslu í glæsilegri nýbyggingu með lyftu á frábærum stað í miðborginni. Íbúðinni fylgir sér bílastæði í bílageymslu.
- Mikið er lagt upp úr hönnun hússins, jafnt að utan sem innan. Húsið er einangrað og klætt að utan með viðhaldslitlum og fallegum efnum.
- Stofa með gólfíðum gluggum. Úr eldhúsi og stofu er útgengi á rúmgóðar og skjólsælar svalir til norðurs.
- Eignin er öll innrétuð á vandaðan og smekklegan máta og eru innréttingar sérsmiðaðar úr svartbæsaðri eik og ná upp í loft. Gólfhitakerfi er í íbúðinni.
- Byggingin er U-laga og rammur inn sameiginlegan skjólgóðan sameiginlegan suður garð.

Verð 108,9 millj.

Langalína 2- Garðabæ. Glæsileg 5 herb. íbúð. Tvennar svalir – tvö bílastæði



Eignin verður til sýnis á morgun, miðvikudag frá kl. 18.00 – 18.30

- Virðilega vönduð og mjög mikið endurnýjaða 174,6 fermetra 5 herbergja íbúð á 4. hæð í fjölbýlishúsi með lyftu við Löngulínu 2 í Garðabæ.
- Aðeins tvær íbúðir eru á hæðinni. Tvö sérmerkt bílastæði fylgja íbúðinni í bílakjallara.
- Aukin lofthæð og innbyggð lýsing í loftum að stórum hluta. Tvennar svalir til suðurs og norðurs.
- Hið innra er íbúðin mikið endurnýjuð nýlega á afar vandaðan og smekklegan máta:
- 2022 var baðherbergi endurnýjað. 2021 var gestasnyrting endurnýjuð. 2020 var þvottaherbergi endurnýjað að hluta. 2020 var settur marmari á öll borð eldhúsinnréttingar og gaffla, skipt um öll eldhústæki og settur innb.vinkæli.
- Fataherbergi innaf hjónaherbergi. Samliggjandi stofur með gólfíðum gluggum. Eldhús með mjög stórrí eyju.
- Fallegt útsýni frá stofum yfir Arnarnesvoginn, að Esju, Seltjarnarnesi og víðar.

Verð 147,9 millj.

Skerjafjörður - Glæsileg einbýlishús á söluskrá - Leitið upplýsinga hjá okkur

Grettisgata 53B - Heil húseign



- Heil húseign með sex 2ja herbergja íbúðum auk geymslna, samtals 245,8 fermetrar.
- Eignin er skráð sem íbúðarhúsnæði en starfar sem gistiheimili/íbúðarhótel og er með gistileyfi í flokki II. Það sem er til sölu er rekstur gistiheimilis í 101 Rvk með tilskildum leyfum.
- Eignin var að öllu leyti endurbýggð árið 2010. Svalir eru á 4 íbúðum hússins. Íbúðirnar skiptast í hol, eldhús, stofu, svefnherbergi og baðherbergi.
- Íbúðirnar eru allar fullbúnar húsgögnum og húsbúnaði og getur það allt fylgt með í kaupunum.
- Staðsetning eignarinnar er virðilega góð á rölegum stað á baklóð við Grettisgötu og hitalagnir eru undir gangstétt upp að húsinu.

Verð 249,0 millj.

Valhúsabraut- Seltjarnarnesi.



- Vandað 424,0 fermetra einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum tvöföldum bílskúr og aukaíbúð á 1.120 fermetra eignarlóð á einstökum útsýnisstað innst í götu og við opið svæði við Valhúsabraut á Seltjarnarnesi.
- Að innan er eignin virðilega glæsileg og öll rými mjög stór og vegleg. Lofthæð í holi, borðstofu, setustofu, arinstofu og sjónvarpsstofu á efri hæð er mjög mikil eða allt að 5,5 metrar þar sem mest er.
- Húsið sem er staðsteypt og einangrað að utan var byggt árið 1991 og vandað vel til byggingarinnar. Húsið að utan var málað árið 2021. Steinskífa er á þaki hússins og vatnsbretti undir gluggum eru úr náttúrusteini.
- Allar nánari upplýsingar veittar á skrifstofu.

**Þarft þú að stækka eða minnka við þig
en finnur ekki réttu eignina ?**

Höfum fjölda aðila á skrá sem vilja selja í skiptum fyrir stærri eða minni eignir.

Hafðu samband og skráðu þig hjá okkur - Við finnum réttu eignina fyrir þig.

<https://www.facebook.com/fastmark.is> - https://www.instagram.com/fasteignamarkadurinn_ehf/

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR



intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is



Fasteign og uppbyggingar- réttindi til sölu

Grandagarður 2 og uppbyggingarréttur

Reykjavíkurborg auglýsir eftir áhugasömum kaupendum

Reykjavíkurborg auglýsir eftir áhugasömum kaupendum að fasteign sinni og uppbyggingarréttindum að Grandagarði 2

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum.

Í greinargerð auk uppdráttar þarf að koma vel fram með hvaða hætti eigi að nýta eignina um leið og gætt er að skipulags-skilmálum á svæðinu, hvernig áformum um uppbyggingu er háttað og hvernig hönnun er ráðagerð á reitnum.

Bjóðendur eru eindregið hvattir til að kynna sér eignina vel sem og fyrirkomulag kauptilboðs á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/sala

Umsóknum skal skilað í lokuðu umslagi merkt "Alliance - Grandagarður 2" í Þjónustuver Reykjavíkurborgar eigi síðar en kl. 12.00 á hádegi miðvikudaginn 7. september 2022.

Allar nánari upplýsingar veitir Eignaskrifstofa Reykjavíkur með því að senda tölvupóst á netfangið esr@reykjavik.is en boðið verður upp á kynnisferð um húsið fyrir bjóðendur.

Nánari upplýsingar um eignina má finna á reykjavik.is/fasteignir



Reykjavík



Elka
Löggiltur fasteignasali og
viðskiptafræðingur

863 8813
elka@fstorg.is

Skúlagata 21 | 310 Borgarnes

67.900.000



OPIÐ HÚS fimmtudaginn 4. ágúst milli kl. 18:00 - 18:30

Herbergi: 6 | Baðherbergi: 2 | Stærð: 187 m²

Þetta virðulega hús sem var upphaflega byggt fyrir Kaupfélagsstjóra staðarins stendur á glæsilegri 1.298 m² sjávarlóð með aðgengi beint að sjó.

Húsið er tvíbýli en er í eigu sama aðila og því væri möguleiki á að kaupa allt húsið.

Efri hæð hússins er 186,2 m² og telur í dag 3 svefnherbergi en möguleiki er á að bæta við því fjórða. Rúmgott eldhús og fallegar stofur. Tvö baðherbergi. Glæsilegt útsýni.

Garðatorg 4c | 210 Garðabær

114.500.000



OPIÐ HÚS miðvikudaginn 3. ágúst milli kl. 17:00 -17.30

Herb: 3 | Baðherb: 2 | Svalir: 2 | Stærð: 126,3 m² | Bílageymsla

Einstaklega falleg og afar rúmgóð 3ja herbergja íbúð með tvennum svölum, tveimur baðherbergjum og stæði í bílageymslu í fallegu lyftuhúsi í miðbæ Garðabæjar.

Íbúðin er á þriðju hæð, skráð stærð er 126,3 m², þar af er geymsla í sameign 9,3 m². Tvennar svalir fylgja íbúðinni, annars vegar 17,1 m² svalir sem snúa í suður og eru yfirbyggðar með vönduðum gólfplisum og hins vegar 6,8 m² svalir í norður með útsýni yfir Garðatorgið.

BÚSETURÉTTIR TIL SÖLU

Seltjarnarnes
Reykjavík: Grafarvogur og Miðbær



PVERHOLT 17 · 105 RVK.



47,9
ferm.

1
herb.

204
íbúð nr.

Búseturéttur: 7.052.974kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 160.838 kr.
Mögulegt lán: 3.526.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Samkomulag.

FROSTAFOLD 20 · 112 RVK.



62,2
ferm.

2ja
herb.

703
Íbúð nr.

Búseturéttur: 4.686.570 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 167.259 kr.
Mögulegt lán: 900.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Miður október.

EIÐISMÝRI 22 · 170 SELTJ.



64,5
ferm.

2ja
herb.

101
Íbúð nr.

Búseturéttur: 5.962.275 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 192.334 kr.
Mögulegt lán: 1.200.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Byrjun október.

EINHOLT 10 · 105 RVK.



69,2
ferm.

2ja
herb.

503
Íbúð nr.

Búseturéttur: 9.785.666 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 218.689 kr.
Mögulegt lán: 4.892.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Sem fyrst.

GARÐHÚS 2 · 112 RVK.



75,5
ferm.

3ja
herb.

201
Íbúð nr.

Búseturéttur: 5.988.990 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 196.455 kr.
Mögulegt lán: 1.100.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Lok september.

NAUSTABRYGGJA 9 OG 11 · 110 RVK. · TIL SÖLU Í SEPTEMBER · UPPLÝSINGAR Á NAUSTABRYGGJA.BUSETI.IS



Búseti hefur fest kaup á Naustabryggju 9 og 11

Fyrstu búseturéttirnir verða settir í sölu í byrjun september. Sjá nánar á naustabryggja.buseti.is

Naustabryggja 9 og 11 eru fjögurra hæða lyftuhús í Bryggjuhverfi Reykjavíkur. Í hvoru húsinu eru 14 tveggja og þriggja herbergja íbúðir, 66,3 m² til 80,9 m² að stærð.

Íbúðirnar eru vel skipulagðar og skemmtilega hannaðar. Geymsla fylgir öllum íbúðum, ýmist innan hennar eða á viðkomandi hæð. Sameiginleg hjóla- og vagnageymsla er á jarðhæð hvors húss og aðstaða fyrir þvottavélar á 2. hæð. Góður sérafnotareitur fylgir íbúðum á jarðhæð og svalir öðrum íbúðum með útsýni yfir gróna hæð til suðurs.

Bryggjuhverfið býður upp á gott aðgengi að útveru umhverfis fjörur, sand, báta og bryggjur. Mjög metnaðarfullt uppbyggingarverkefni eru við Ártúns- höfða og er miðstöð Borgarlínu áætluð við Stórhöfða.

ÁVINNINGUR
